

## Reglur um frístundastyrki í Sveitarfélaginu Hornafirði

### 1. gr. Markmið og tilgangur

Sveitarfélagið Hornafjörður veitir foreldrum barna á aldrinum 5 - 18 ára frístundastyrki vegna þátttöku í skipulögðu íþrótta- og frístundastarfi, hér eftir nefnt „frístundastarf“.

Meginmarkmið frístundastyrksins er að öll börn á aldrinum 5 -18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Með frístundastyrknum er leitast við að styrkja félagslegt umhverfi barna og unglinga og hafa jákvæð áhrif á þroska þeirra. Frístundastyrknum er þannig ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu en einnig að stuðla að fjölbreytileika í íþrótta-, lista og frístundastarfi.

Meginskilyrði styrksins er að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna.

### 2. gr. Skilyrði fyrir veitingu frístundastyrks

Að barnið eigi lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði og sé á aldrinum 5 - 18 ára miðað við fæðingarár. Iðkendur eiga rétt á styrk frá og með því ári sem 5 ára aldri er náð, til og með því ári sem 18 ára aldri er náð.

Börn sem flytja í Sveitarfélagið Hornafjörður fá fullan styrk á því ári sem flutt er í bæjarfélagið.

### 3. gr. Hvernig á að nýta styrkinn

- Foreldrar skrá barn á námskeið í gegnum vefverslun hjá SPORTABLER. Um tvær misjafnar leiðir er að ræða önnur er hjá Sveitarfélaginu Hornafirði [www.sportabler.com/shop/hornafjordur](http://www.sportabler.com/shop/hornafjordur) en hin hjá umf. Sindra [www.sportabler.com/shop/umfsindri](http://www.sportabler.com/shop/umfsindri).
- Það þarf að skrá sig inn í Sportabler sjá leiðbeiningar <http://help.sportabler.com/is/support/solutions/articles/67000695233-n%C3%BDskr%C3%A1ning> . og svo leiðir kerfið fólk áfram
- Í gegnum Sportabler geta foreldrar valið hvort þeir vilja nýta frístundastyrkinn.

### 4. Almenn um frístundastyrk og úthlutunarreglur

- Frístundastyrknum er úthlutað til barna í formi styrks frá Sveitarfélaginu Hornafirði sem foreldrar ráðstafa til þeirra aðila er standa fyrir skipulögðu frístundastarfi og falla undir styrkhæfisreglur sveitarfélagsins.
- Með frístundastyrknum má greiða að fullu, eða hluta, fyrir íþrótta-, lista- og/eða aðra frístundastarfsemi á vegum félaga og fyrirtækja í sveitarfélaginu.
- Foreldrar geta ráðstafað frístundastyrknum hvenær sem er á árinu og óháð fjölda greina/námskeiða.
- Styrkupphæð er í samræmi við gildandi samþykkt bæjarstjórnar Hornafjarðar hverju sinni og getur aldrei orðið hærrí en æfinga-/námskeiðsgjald viðkomandi frístundatillboðs.
- Ekki er heimilt að nýta frístundastyrkinn til að greiða sérstakan viðbótarkostnað svo sem vegna tækja og búnaðar, fatnaðar og ferða.
- Ráðstöfun er endanleg. Ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra styrk þegar foreldri/forráðamaður hefur ráðstafað honum til félags á grundvelli frístundastyrksins. **Eftirstöðvar frístundastyrks, ef einhverjar eru, er ekki heimilt að færa milli ára og falla þær niður í lok hvers árs.**

Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði, kt. 590169-4639, sími 470 8000, [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is)

Commented [PT1]: Nýtt

Commented [PT2]: breytti ferli um greiðslu styrkja í samræmi við það sem er í dag

#### 5. gr. Skipulagt frístundastarf og styrkhæfi aðila

Velferð og hagur barna skal hafður að leiðarljósi í frístundastarfi og í samræmi við ákvæði laga og reglugerða er varða börn og ungmenni. Skipulagt frístundastarf þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að teljast styrkhæft:

- Að um sé að ræða skipulagt frístundastarf eða kennslu. Lögð er áhersla á að þjálfarar og leiðbeinendur séu menntaðir fagaðilar á sviði íþrótta-, frístunda eða kennslu. Börn undir 18 ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun, kennslu- eða leiðbeinendastörf ein síns liðs. Fagaðili getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar.
- Meginreglan skal vera sú að skipulagt frístundastarf nái yfir 10 vikur samfellt. Hægt er að ráðstafa styrk til greiðslu styttri námskeiða, enda uppfylli námskeiðið önnur skilyrði um styrkhæfi.
- Starfsemi sem telst styrkhæf er starfsemi á vegum íþrótta- og frístundafélaga, nám við tónlistarskóla, skipulögð námskeið s.s. listnámskeið ýmiss konar, námskeið innan líkamsræktarstöðva, sjálfstyrkingarnámskeið og önnur þau námskeið sem uppfylla skilyrði reglna.
- Starfsemi sem ekki telst styrkhæf er lengd viðvera eftir skóla, starfsemi trúfélaga og annarra lífsskoðunarfélaga og stjórnmalasamtaka.
- Aðili sem sinnir skipulögðu frístundastarfi skal gera samning um frístundastyrk við sveitarfélagið að uppfylltum reglum um styrkhæfi.
- Aðild að frístundastyrknum má ekki verða til þess að gjaldskrár/æfingagjöld aðila hækki óeðlilega milli ára.
- Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs metur hvort einstakir aðilar uppfylli skilyrði reglna. Leiki vafi á styrkhæfi ber hann tillögur sínar undir fræðslu- og tómskundanefnd.

#### 6. gr. Samstarfssamningur

Aðilar sem uppfylla ofangreindar reglur um frístundastyrki undirrita samstarfssamning við sveitarfélagið. Starfsmenn stjórnslu Hornafjarðar meta hverja umsókn og veita aðilum sem uppfylla skilyrði, aðgang að frístundastyrkjakerfinu. Í framhaldi er gerður samningur þar sem eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram:

- Nafn, kennitala, símanúmer, netfang og heimasíða aðila. Að auki nafn, kennitala, símanúmer og netfang tengiliðs vegna umsóknar og/eða ábyrgðaraðila
- Tegund starfsemi
- Tímatöflur og námskeiðsframboð
- Gjaldskrá
- Upplýsingar um aðstöðu/húsnæði

Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir.

Breyting á reglunum samþykktar í fræðslu- og tómskundanefnd 16. febrúar 2022

og í bæjarráði 22. Febrúar 2022.